



SIGLINGASTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. P 125/1096
komudagur 20.3.2000

Nefndasvið Alþingis,
Eva Margrét Ævarsdóttir nefndarritari umhverfisnefndar,
Þórshamri við Templarasund,
150 REYKJAVÍK

Tilv. vor
17986/jlh

Tilv. yðar

Kópavogi
17. mars, 2000

Varðar: Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum


Vísað er til bréfs frá 28. febrúar, 2000, þar sem óskað er eftir umsögn Siglingastofnunar Íslands um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.

Undirbúningur að frumvarpinu hefur staðið yfir um nokkra hríð og Siglingastofnun hefur haft tök á að koma sínum athugasemdum að í því ferli. Ekki er að sjá annað en að núverandi form frumvarpsins sé í meginráttum eins og við áttum von á.

Við höfum áður bent á, að þó farið sé að mestu eftir viðauka EB þá eru flest viðmiðunarmörk í íslenska listanum miklum mun þrengri en þar.. Má í því sambandi nefna að viðmiðun í stærð grjótnáma sem skulu fara í umhverfismat er 5 hektara svæði eða 150.000 m³ efnistaka, en viðmiðunin í EB listanum er 250 hektarar og engin mörk á efnismagn. Í sjálfu sér er eðlilegt að viðmiðunin nái til sjónrænna áhrifa þ.e. stærðar svæðisins frekar heldur en þess magns sem á að taka. Ef ekki væru sett mörk á magnið, myndu menn frekar hneigjast til að nýta efnistökusvæðin betur.

Við gerum að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Siglingastofnunar Íslands


Jón Levi Hilmarsson
forstöðumaður hafnasviðs